



HAFNARFJÖRÐUR

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi
B.t. Svanur Bjarnason, svæðisstjóri Suðursvæðis
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 04.11.2019
1901438 HST

Efni: Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins, fyrirspurn

Á fundi bæjarráðs 3. september s.l. var bókað:

Bæjarráð fellst á að syðri hluta Bláfjallavegar verði lokað að sinni vegna vatnsverndarsjónarmiða, frá Leiðarenda austur að afleggjara 417-01. Að mati bæjarráðs er þörf á frekara umhverfis- og áhættumati á vegarkaflanum og er óskað eftir því að Umhverfis- og framkvæmdaráð láti vinna slíkt mat sem liggja fyrir í síðasta lagi fyrir árslok 2021. Að því loknu verði teknar ákvarðanir um framtíð vegarins.

Í framhaldi af bókun bæjarráðs er óskað eftir því við Vegagerðina að farið verði í gerð umhverfis- og áhættumats fyrir Bláfjallaveg frá Krýsuvíkurvegi að Bláfjöllum þar sem þessi vegur er í eigu ríkisins.

Virðingarfyllt,

Helga Stefánsdóttir
aðstoðarsviðsstjóri